



Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð

-1. útgáfa
Janúar 2001

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	3
Almennt	4
1 Neysluvatn.....	4
2 Úrgangur.....	6
3 Fráveitur	8
4 Umhverfisfræðsla	10
5 Samgöngur	12
6 Náttúrumengun	14
7 Menningarminjar, náttúruvernd og skipulag.....	18
8 Orka	22
9 Efnisnám	24
10 Innkaup og rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess.....	25
11 Atvinnulífið	28
12 Meindýra- og illgresiseyðing.....	29
13 Annað	30
Viðauki I – Ábendingar íbúa	31
Viðauki II - Umhverfisstefna í ríkisrekstri.....	32
Viðauki III – Umhverfisvæn innkaup.....	33
Viðauki IV – Samningur	34

INNGANGUR

Allar mannlegar gjörðir fela í sér einhvers konar áhrif á náttúruna. Við nýtum afurðir náttúrunnar til að geta lifað og starfað, ýmist í formi orku, hráefnis eða til yndisauka. Allar náttúruafurðir byggja á einhvers konar takmörkun og þar er hlutverk sjálfbærs samfélags að tryggja að sú takmörkun sé virt.

Með fyrstu útgáfu Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð eru lagðar línur að því hvað Fjarðabyggð ætlar að gera til að stefna í átt til sjálfbærra samfélags. Það er stjórnvalda, embættismanna og íbúa að framfylgja þeim markmiðum sem hér eru sett fram.

Fyrir hvað stendur Staðardagskrá 21?

DAGSKRÁ (áætlun) fyrir hvern STAÐ (sveitarfélag) um hvernig skuli stefna að sjálfbærri þróun á 21. öldinni.

Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð er afrakstur vinnu stýrihóps um Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð og er unnin með hliðsjón af ábendingum íbúa sem borist hafa til stýrihóps á þeim tíma með einum eða öðrum hætti og tillögum sem komu fram í vinnuhópum sem unnu að framtíðarsýn Fjarðabyggðar 2010.

Erfitt er að leggja mat á hver eru helstu umhverfisvandamál Fjarðabyggðar og hvar aðgerða er mest þörf. Sem dæmi um aðkallandi vandamál má nefna: sjónræn mengun, fráveitur, neysluvatn, lítil endurvinnsla/endurnýting, strandlengjan, efnisnám, lífstill og neyslumynstur. Nauðsynlegt var fyrir Stýrihópinn að sníða sér stakk eftir vexti við upphaf verkefnisins. Ákveðið var að takmarka verkefnið við tólf málaflokka sem eru þessir: neysluvatn, fráveitur, úrgangur, umhverfisfræðsla, náttúrumengun, menningarminjar og náttúruvernd, samgöngur, efnisnám, sveitarfélagið og stofnanir þess, atvinnulíf og meindýr og illgresi.

Ljóst er að margt annað hefði mátt taka með, t.d. virðast málefni barna og ungmenna vera íbúum mjög hugleikin miðað við þær ábendingar sem borist hafa frá íbúum. Þó að stóru skrefi sé náð með fyrstu útgáfu af Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð er langt í frá að verkinu sé lokið. Vinnu við Staðardagskrá 21 er í raun aldrei lokið. Þegar fyrsta útgáfa er tilbúin þarf að hrinda þeim aðgerðum sem þar eru tilgreindar í framkvæmd. Einnig þarf Staðardagskráin að vera í stöðugri endurskoðun í takt við breytta tíma, nýjar áherslur og breytingar í samfélaginu. Þannig er Staðardagskrá 21 fyrst og fremst ferli en ekki dautt skjal.

Ef rétt er á spilum haldið, getur sú stefnumörkun og verkefnaskrá sem Staðardagskráin er, verið sókarfæri fyrir samfélag og atvinnulíf í Fjarðabyggð.

Hvað er sjálfbært samfélag?

Þangað ætlum við að stefna, en óvíst er hvort hið endanlega takmark er til.

Sjálfbært samfélag felur í sér samþættingu efnahags, samfélags og umhverfis þar sem reynt er að tryggja framþróun og uppbyggingu í sátt við umhverfi og náttúru.

Í Fjarðabyggð í nóvember 2000
Stýrihópur um Staðardagskrá 21 Í Fjarðabyggð

ALMENNT

Það er stefna Fjarðabyggðar að sveitarfélagið uppfylli ávallt gildandi lög, reglugerðir og samþykktir er varða þá málaflokka sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Kerfisbundið verði fylgst með breytingum á lögum, reglugerðum og samþykktum er varða þá málaflokka sem fjallað er um í þessari skýrslu og ráðstafanir gerðar til að tryggja að ákvæði þeirra séu uppfyllt hverju sinni. **Ábyrgir** eru forstöðumenn þeirra sviða sem málaflokkarnir heyra undir. **A.m.k. í janúar ár hvert** skal farið yfir breytingar á lögum og reglugerðum og þær helstu kynntar á sviðsstjórafundum.

1 NEYSLUVATN

Það er stefna Fjarðabyggðar að gæði neysluvatns í vatnsveitum Fjarðabyggðar séu fyrsta flokks og uppfylli ávallt ströngustu gæðakröfur heilbrigðisyrivalda. Jafnframt er það stefna Fjarðabyggðar að spilla ekki eða sóa mögulegum framtíðarvatnsbólum sveitarfélagsins.

Markmið 1.1 Að vatnsveitur í Fjarðabyggð verði með innra eftirlitskerfi og gilt starfsleyfi í árslok 2003

Leið 1.1.1 Allar vatnsveitur í Fjarðabyggð komi á innra eftirlitskerfi og hafi gilt starfsleyfi með tilheyrandi umbótum, s.s. að kortleggja veitukerfi, girða af brunnsvæði, merkja grannsvæði o.fl. þ.h. eins og kveðið er á um í lögum og reglugerðum. Unnar verði tillögur að úrbótum með tilheyrandi kostnaðaráætlun og tímaáætlun. Sjá nánar Leið 1.4.1 til Leið 1.4.4, bls. 5.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður <5.000.000 kr.
Tímasetning: Tillögur að úrbótum í vatnsveitum verði lokið fyrir árslok 2001. Úrbætur unnar 2002-2003 og virkt innra eftirlitskerfi verði komið á í árslok 2003.

Markmið 1.2 Vatnsnotkun á hvern íbúa í Fjarðabyggð hafi dregist saman árið 2005 m.v. vatnsnotkun árið 2000.

Leið 1.2.1 Settir verði upp vatnsmælur í fyrirtækjum í sveitarfélaginu sem nota mikið vatn.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Búið verði að setja upp vatnsmæla í fyrirtæki í árslok 2002.

Leið 1.2.2 Upplýsingar/leiðbeiningar til hins almenna vatnsnotanda um mikilvægi þess að fara sparlega með vatn og hvernig megi draga úr vatnsnotkun verði útbúnar og dreift á öll heimili í Fjarðabyggð. Jafnframt verði slíkar upplýsingar að finna á heimasíðu Fjarðabyggðar.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður < 100.000 kr.
Tímasetning: Upplýsingar komnar á heimasíðu og dreift í nóvember 2001.

Markmið 1.3 Vatnsveita og fráveita verði sama fyrirtækið

Leið 1.3.1 Athugað verði hvort hagkvæmt er að sameina vatnsveitur og fráveitur sveitarfélagsins í eitt fyrirtæki.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Búið verði að gera úttekt á kostum og göllum þess að sameina þessar stofnanir í eitt fyrirtæki fyrir árslok 2004.

Markmið 1.4 Núverandi og framtíðar vatnsbólum verði ekki spillt

Leið 1.4.1 Unnin áætlun um verndun núverandi vatnsbóla og úttekt á mögulegum framtíðarvatnsbólum fyrir allar vatnsveitur Fjarðabyggðar. Í samræmi við þá úttekt verði ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að framtíðarvatnsbólum verði spillt.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2003

Leið 1.4.2 Brunnsvæði vatnsveitna Fjarðabyggðar verði afgirt.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður < 500.000
Tímasetning: Lokið fyrir september 2001

Leið 1.4.3 Grannsvæði vatnsveitna Fjarðabyggðar verði merkt við helstu innkomuleiðir á svæðin og vegfarendum bent á mikilvægi þess að ganga vel um svæðið.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður < 500.000
Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2003

Leið 1.4.4 Íbúar fræddir um vatnsverndarsvæði í sveitarfélaginu og hvaða umgengnisreglur gildi á þeim svæðum.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Í febrúar 2004

2 ÚRGANGUR

Það er stefna Fjarðabyggðar að lágmarka þann úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu og auka endurnýtingu og endurvinnslu.

Markmið 2.1 Að úrgangur frá Fjarðabyggð sem urðaður er á starfssvæði Sorpsamlags Mið-Austurlands hafi dregist saman um 20% á hvern íbúa í Fjarðabyggð árið 2005 m.v. sorpmagn ársins 1999.

Leið 2.1.1 Sorphirðugjöld og sorphirða verði endurskoðuð með það að markmiði að láta íbúa og fyrirtæki bera raunkostnað af sorphirðu. Þannig verði íbúar og fyrirtæki hvattir til að draga úr úrgangi og auka flokkun og endurvinnslu. Boðið verði upp á mismunandi gjöld eftir því að hve miklu leyti sorpið er flokkað og hversu oft þarf að sækja sorpið.

Ábyrgur: Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og fulltrúi Fjarðabyggðar í stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands.

Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.

Tímasetning: Tillögur þessa efnis verði kynntar fyrir bæjarstjórn í síðasta lagi í maí 2002

Leið 2.1.2 Sveitarfélagið og stofnanir þess vinni markvisst að lágmarkun úrgangs, endurnýtingu og endurvinnslu. Sjá nánar í málaflokknum *Innkaup og rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess*, Leið 10.2.1, bls. 25

Leið 2.1.3 Fyrirtæki verði hvött til að lágmarka myndun úrgangs strax við uppruna. Í því skyni verði reglulega boðið upp á námskeið í hreinni framleiðslutækni fyrir fyrirtæki í Fjarðabyggð. Sjá nánar í málaflokknum *Atvinnulífið*, Leið 11.1.1, bls. 28.

Leið 2.1.4 Stuðlað verði að nýsköpun í atvinnulífi með endurvinnslu. T.d. með því að fá bændur, eða aðra sem hafa yfir að ráða landrými og tækjum, til taka að sér að jarðgera lífrænt sorp í nágrenni við bæjarkjarnana.

Ábyrgur: Þróunarstofa Austurlands verði fengin til starfans

Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.

Tímasetning: Engin.

Leið 2.1.5 Leitað verði leiða til koma flokkuðu sorpi sem fellur til hjá Sorpsamlagi Mið-Austurlands í endurvinnslu. M.a. verði skoðaðar leiðir til samvinnu við önnur sorpsamlög á Austurlandi.

Ábyrgur: Fulltrúi Fjarðabyggðar í stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands

Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.

Tímasetning: Búið verði að leggja fram tillögu þessa efnis fram í stjórn SMA í maí 2001.

Leið 2.1.6 Snyrtilegum safnstöðvum fyrir endurvinnanlegt sorp, s.s. pappír, gler, mjólkurfernur, niðursuðudósir o.þ.h. verði komið upp á fjölförnum stöðum, t.d. við verslanir í öllum hverfum Fjarðabyggðar. Hugsanlega væri hægt að útfæra slíkt sem verkefni í fyrir sumarvinnuskóla eða smíðakennslu í grunnskólum.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.

Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður <500.000

Tímasetning: Safnstöðvar verði komnar upp í júní 2001

Leið 2.1.7 Komið verði upp nytjagámum á gámvöllum Sorpsamlagsins í Fjarðabyggð.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður <500.000
Tímasetning: Nytjagámar verði komnir upp í maí 2001.

Leið 2.1.8 Sorpsamlag Mið-Austurlands sinni upplýsingagjöf og fræðslu í auknum mæli en nú. Mikilvægt er að fræða íbúa í hvert sinn sem breytingar verða á flokkun og þegar aðstæður verða þannig að ekki er hægt að senda ákveðin efni til endurvinnslu. Fræðsluferferð verði farin á vinnustaði til að hvetja fólk og fyrirtæki til að draga úr myndun úrgangs og auka flokkun.

Ábyrgur: Fulltrúi Fjarðabyggðar í stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Upplýsingar verði sendar út til íbúa í hvert sinn sem breytingar verða á endurvinnslu eða urðun á Sorpsamlagi Mið-Austurlands. Fræðsluferferð verði farin á vinnustaði haustið 2001.

Leið 2.1.9 Leitað verði eftir samvinnu við verslanir í Fjarðabyggð við draga úr umbúðamagni strax við innkaup, t.d. með því að hvetja fólk til að kaupa inn í stærri umbúðum. Útbúið verði fallett spjald sem hengt verði upp í verslunum þar sem fólk er bent á leiðir til að verða vistvænni neytandi. Sjá líka Leið 11.2.2, bls. 28.

Leið 2.1.10 Sveitarfélagið vinni markvisst að jarðgerð á lífrænum úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og hjá stofnunum þess. Í því skyni verði leik- og grunnskólum í sveitarfélaginu afhentur safnkassi með sýniglugga. Sjá nánar Leið 4.1.2, bls. 10.

Markmið 2.2 Að jarðgerð lífræns úrgangs verði frá a.m.k. 20% heimila í Fjarðabyggð árið 2004.

Leið 2.2.1 Íbúum verði auðveldað að hefja heimajarðgerð með því að veita þeim aðgang að aðstoð og leiðbeiningum. Jafnframt verði íbúum boðnir 200 safnkassar á niðurgreiddu verði á tímabilinu 2001-2004.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður < 2.000.000, borgar sig upp á 5 árum.
Tímasetning: Fimmtíu safnkassar verði afhentir íbúum á degi umhverfisins, 25. apríl 2001. Aðrir fimmtíu 25. apríl 2002 og svo 25. apríl 2003 og 25. apríl 2004.

Markmið 2.3 Árið 2016 verði allur lífrænn úrgangur sem fellur til í sveitarfélaginu jarðgerður og/eða endurnotaður og/eða nýttur eins og hagkvæmt er.

Leið 2.3.1 Áfram verði fólk auðveldað að hefja heimajarðgerð, m.a. með því að bjóða niðurgreidda safnkassa. Ábyrgð, kostnaður og tímasetning ekki skilgreind, sjá Leið 2.2.1, bls. 7.

Leið 2.3.2 Hafa sorphirðugjöld þannig að þau hvetji til heimajarðgerðar. Ábyrgð, kostnaður og tímasetning ekki skilgreind, sjá Leið 2.1.1, bls. 6.

3 FRÁVEITUR

Það er stefna Fjarðabyggðar að losun skólps og skólpmengun í Fjarðabyggð sé með þeim hætti að heilsa fólks og lífríkis beri ekki skaða af. Það er stefna Fjarðabyggðar að íbúar séu meðvitaðir um spilliefni og að þeir setji ekki spilliefni í niðurföll.

Markmið 3.1 Fjarðabyggð uppfylli ávallt gildandi lög, reglugerðir og samþykktir er varða fráveitur.

Leið 3.1.1 Ítarleg úttekt verði gerð á raunverulegu ástandi og holræsakerfið kortlagt. Leitað verði eftir styrk skv. lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs

Kostnaður:

Tímasetning: Úttekt og kortlagningu fráveitna í Fjarðabyggð lokið fyrir árslok 2001.

Leið 3.1.2 Unnin verði heildaráætlun um úrbætur í fráveitumálum fyrir fráveitur í Fjarðabyggð. Í heildaráætlun verði skoðaðar aðrar og framsæknari lausnir en „hefðbundnar, tæknilegar rörendalausnir“. Leitað verði leiða til að draga úr skólpi og skólpmengun strax við uppruna og endurnýta efni sem skila sér í fráveitukerfin. Leitað verði styrkja í slíkt „prófverkefni“. Í framhaldi verði úrbætur unnar.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs í samvinnu við fagaðila.

Kostnaður: Kostnaður >5.000.000 kr.

Tímasetning: Heildaráætlun verði tilbúin í maí 2003.

Markmið 3.2 Frá og með árinu 2002 verði skólpi ekki veitt í opna læki í Fjarðabyggð.

Leið 3.2.1 Kortlagning fráveitukerfisins sbr. Leið 3.1.1 leiðir í ljós hvar skólpi er veitt í opna læki innan sveitarfélagsins. Í heildaráætlun um úrlausn í fráveitukerfum sbr. Leið 3.1.2 verði aðgerðir til að koma í veg fyrir að skólpi sé veitt í opna læki í forgangi.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.

Kostnaður: Hluti af kostnaði við allsherjar úrbætur í fráveitumálum í Fjarðabyggð.

Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2002.

Markmið 3.3 Allar rotþrær í sveitarfélaginu verði öruggar og uppfylli kröfur. Seyra úr rotþróum verði ekki losuð í sjóinn.

Leið 3.3.1 Úttekt á ástandi rotþróa í dreifbýli og þéttbýli í samvinnu við Heilbrigðis- eftirlit Austurlands. Eigendur rotþróa verði upplýstir um lög og reglur sem gilda um rotþrær og losun seyru úr þeim. Þar sem úrbóta er þörf verði eigendum (jafnt íbúum sem sveitarfélaginu) gefin ákveðin frestur til úrbóta.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.

Kostnaður: Kostnaður >100.000

Tímasetning: Úttekt lokið fyrir árslok 2001. Frestur til úrbóta renni út í árslok 2002.

Leið 3.3.2 Leitað verði leiða til að nýta seyru úr rotþróum til landgræðslu. Ef slíkt er ekki mögulegt, að leita þá eftir leyfi til að fá að urða seyru nær þéttbýlisstöðunum.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri og forstöðumaður umhverfismálaráðs.

Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.

Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2005.

Markmið 3.4 Að skólpmyndun og skólpmengun verði í lágmarki.

Leið 3.4.1 Hvers konar mengun í fráveituvatni verði upprætt strax við uppruna hjá heimilum og hjá atvinnufyrirtækjum með kerfisbundinni fræðslu um spilliefni, mikilvægi þess að draga úr notkun hvers kyns efna o.þ.h. Sjá nánar Leið 2.1.8, bls. 7, Leið 6.2.1, bls. 16 og Leið 11.1.1, bls. 28.

Markmið 3.5 Að skólpi verði ekki veitt í sjó við vinsæl útivistarsvæði í fjörum.

Leið 3.5.1 Í tengslum við gerð aðalskipulags verði ákvarðað hvaða fjörur skuli teljast til útivistarsvæða og í samræmi við það verði ákvarðað hvar skólpi skuli veitt í sjó.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2002.

4 UMHVERFISFRÆÐSLA

Það er stefna Fjarðabyggðar að samfélag sveitarfélagsins einkennist af metnaðarfullri umhverfisvitund íbúa sem tileinka sér vistvænan lífstíl og þekkja áhrif athafna sinna á umhverfið. Sveitarfélagið verði duglegt að miðla hvers konar upplýsingum er varða umhverfismál sveitarfélagsins til íbúa.

Markmið 4.1 Náttúru- og umhverfisfræðsla verði inntvinnuð í allt nám skólanna og verði ríkur þáttur í starfi þeirra

Leið 4.1.1 Umhverfi skóla í Fjarðabyggð verði gert „grænna og vænna“. Í grunnskólum Fjarðabyggðar verði haldin hugmyndasamkeppni um tillögur í þá veru meðal skólabarna og kennara. Hugmyndir úr hugmyndasamkeppninni verði svo útfærðar eins og mögulegt er á skólalóðunum.

Ábyrgur: Skólastjórar í samvinnu við Skipulagsfulltrúa og Garðyrkjustjóra Fjarðabyggðar bera ábyrgð á að samkeppnin verði haldin. Garðyrkjustjóri ber ábyrgð á útfærslu hugmynda á skólalóðum.

Kostnaður: 0 kr. (Hluti af potti sumarverkefna 2002 og 2003).

Tímasetning: Niðurstöður samkeppni gerðar kunnar á degi umhverfisins 2002. Hugmyndir útfærðar af vinnuskóla sumarið 2002 og 2003

Leið 4.1.2 Samræmt átak verði í grunnskólum og leikskólum Fjarðabyggðar um að auka hlut umhverfisfræðslu og samtvinna hana inn í alla kennslu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og aðalnámskrá. Skólastjórar verði hvattir til að stofna vinnuhóp um málefnið. Í tengslum við þetta verði gert átak í flokkun sorps í öllum skólum í Fjarðabyggð og þeim m.a. afhentir sýni-kennslu safnkassar til að endurvinnna lífrænan úrgang.

Ábyrgur: Forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs og skólastjórar.

Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður < 500.000

Tímasetning: Fyrsti fundur slíks hóps verði í síðasta lagi í febrúar 2001. Safnkassar verði formlega afhentir vinnuhópnum á degi umhverfisins þann 25. apríl 2001.

Leið 4.1.3 Skólar Fjarðabyggðar móti umhverfisstefnu sem taki mið af sjálfbærri þróun, sbr. Leið 10.1.1, bls. 25.

Markmið 4.2 Að umhverfisvitund íbúa Fjarðabyggðar verði eflað þannig að þeir séu meðvitaðir um áhrif lífshátta sinna og starfa sinna á náttúru og umhverfi nær og fjær og þekki leiðir til að breyta lífstíl og athöfnum í anda sjálfbærrar þróunar.

Leið 4.2.1 Fjarðabyggð verði þátttakandi í GAP verkefninu á Íslandi. Þeir sem sækja GAP námskeið á vegum Fjarðabyggðar gætu í framhaldi sinnt hlutverki umhverfisfulltrúa í hverfum sveitarfélagsins. A.m.k. annað hvert ár sé íbúum boðið upp á að taka þátt í GAP verkefni og í tengslum við það afhendi sveitarfélagið þátttakendum safntunnur gegn skilagjaldi.

Ábyrgur: Starfsmaður SD21

Kostnaður: <200.000 annað hvert ár.

Tímasetning: Fyrstu GAP hóparnir skulu komnir í gang fyrir páska 2001. Næst sé íbúum boðið að taka þátt í GAP verkefninu í janúar 2003 og svo annað hvert ár.

Leið 4.2.2 Starf vinnuskóla Fjarðabyggðar miði í átt til sjálfbærrar þróunar. T.d. verði þar sinnt umhverfisfræðslu og í skólagörðum verði grænmeti ræktað lífrænt.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri

Kostnaður: Ekkert, hluti af kostnaði við að reka vinnuskóla

Tímasetning: Frá og með sumrinu 2001 verði einungis lífræn ræktun í skólagörðum. A.m.k. 1x á hverju sumri sé þátttakendum í vinnuskólanum boðin fræðsla um umhverfi og náttúru.

Leið 4.2.3 Fjarðabyggð standi fyrir námskeiði um umhverfismál fyrir starfsmenn sveitarfélagsins. Starfsmenn komi frá öllum stigum stjórnkerfisins og frá öllum stofnunum sveitarfélagsins. Þeir sem sækja slík námskeið gætu í framhaldi sinn hlutverki umhverfisfulltrúa stofnanna sveitarfélagsins (sjá Leið 10.1.1, bls. 25). Fyrir almenna starfsmenn fyrirtækja býðst m.a. námskeiðið: „Umhverfið er í okkar höndum“ og fyrir stjórnendur býðst m.a. námskeiðið: „Hreinni framleiðslutækni“ hjá Iðntæknistofnun.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

Kostnaður: Námskeið fyrir 18 manns kostar 200.000

Tímasetning: Fyrir áramótin 2001 á að vera búið að gefa öllum starfsmönnum sveitarfélagsins og stofnanna þess tækifæri til að sækja slík námskeið

Leið 4.2.4 Umhverfismál hvers konar skipi veglegan sess í sí – og endurmenntun. Sveitarfélagið hvetji starfsmenn sína til þátttöku í námskeiðum sem lúta að umhverfisfræðslu hvers konar.

Ábyrgur: Forstöðumenn allra sviða.

Kostnaður: Ekkert, hluti af kostnaði við sí- og endurmenntun.

Tímasetning: Alltaf í gangi.

Leið 4.2.5 Þann 7. júní árlega, á afmælisdegi Fjarðabyggðar, verði haldinn billaus dagur þar sem allir bæjarbúar eru hvattir til að ganga og hjóla til vinnu. Bæjarstjórn og bæjarstarfsmenn verði góð fyrirmynd og hjóli, gangi til vinnu a.m.k. þann dag. Dagurinn notaður til að minna á hvað einfaldar breytingar á lífstíl geta áorkað miklu. Í tengslum við þennan dag verði árlega gróðursett jafnmörg tré og fjöldi bíla er í sveitarfélaginu. Dagurinn verði notaður til að vekja athygli á sveitarfélaginu. Sjá líka Leið 6.3.2, bls. 16.

Ábyrgur: Upplýsinga- og kynningafulltrúi og garðyrkjustjóri

Kostnaður: <100.000 kr.

Tímasetning: Dagurinn skal haldinn 7. júní ár hvert.

Markmið 4.3 Að íbúar Fjarðabyggðar beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

Leið 4.3.1 Námskeið verði haldin fyrir almenning þar sem fólki er kennt að þekkja steina, gróður, örnefni o.fl. þess háttar með samblöndu af fyrirlestur og gönguferðum.

Ábyrgur: Náttúrustofa Austurlands.

Kostnaður: Hluti af rekstrarkostnaði Náttúrustofunnar.

Tímasetning: A.m.k. einn fyrirlestur/námskeið árlega.

5 SAMGÖNGUR

Það er stefna Fjarðabyggðar að sveitarfélagið verði þekkt fyrir framúrskarandi samgöngur og góðar merkingar í hvívetna. Samgöngur í sveitarfélaginu hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu íbúa.

Markmið 5.1 Að bæta merkingar innan Fjarðabyggðar.

Leið 5.1.1 Gerð verði úttekt á þörf fyrir bættu merkingu og endurbótum á þeim umferða- og upplýsingamerkjum sem fyrir eru. Í framhaldi verði gert átak í merkingum, t.d. verði hugað að aðkomuleiðum inn í Fjarðabyggð og inn í hvern byggðakjarna. Þá verði komið upp merkingum í miðbæjum hverfanna með korti og helstu upplýsingum um verslanir, þjónustu, afþreyingu og annað sem í boði er í hverjum bæjarkjarna. Sjá líka Leið 7.2.1, bls. 18 og Leið 7.2.2, bls. 18.

Ábyrgur: Upplýsinga- og kynningafulltrúi.
Kostnaður: <500.000 kr.
Tímasetning: Búið að lagfæra og koma upp skiltum sumarið 2002.

Markmið 5.2 Að samgöngur hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu íbúa

Leið 5.2.1 Við allar ákvarðanir um ný samgöngumannvirki sé leitað leiða til þess að stytta vegalengdir innan sveitarfélagsins. Ábyrgð, kostnaður og tímasetning ekki skilgreind.

Leið 5.2.2 Árlegur bíllaus dagur þar sem hvatt verði til minni notkunar einkabílsins. Sjá nánar í Leið 4.2.5. bls. 11.

Leið 5.2.3 Nýir og umhverfisvænni orkugjafar verði nýttir í stað jarðefnaeldsneytis eins og mögulegt er. Sveitarfélagið sýni gott fordæmi og notfæri sér sparneytna bíla eftir fremsta megni. Hugað verði að kaupum á rafbílum, metanbílum, vetnisbílum eða öðrum slíkum.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs og aðrir sem sjá um bílakaup fyrir Fjarðabyggð.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: 2010

Leið 5.2.4 Sveitarfélagið sýni gott fordæmi og nýti almenningsamgöngur í auknum mæli. Unnar verði tillögur um hvernig megi nýta almenningsamgöngur betur í rekstri sveitarfélagsins m.a. með því að endurskoða áætlun almenningsamgangna og fundahöld hjá sveitarfélaginu. T.d. verði skoðaðir möguleikar á að auka hlut fjarfunda og símafunda.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnsýslusviðs.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Tillögur liggja fyrir vorið 2001.

Leið 5.2.5 Draga úr magni sorps sem flutt er á Þernunes með endurnýtingu og -vinnslu á eða nærri upprunastað úrgangans. Einnig verði fengið leyfi til að urða hættulítinn úrgang í nágrenni við bæjarkjarnana. Sjá líka leiðir til að draga úr magni úrgangs, sbr. Markmið 2.1, bls. 6.

Ábyrgur: Fulltrúi Fjarðabyggðar í stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands og forsstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs

Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.

Tímasetning: Tillögur þessa efnis lagðar fram um leið og tillögur sbr. Leið 2.1.1, eða í síðasta lagi í maí 2002.

Leið 5.2.6 Átak verði gert í skólum Fjarðabyggðar sem hvetji foreldrar til að láta börn sín ganga meira í skólann.

Ábyrgur: Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs í samvinnu við skólastjóra.

Kostnaður: <100.000

Tímasetning: Átak framkvæmt í öllum skólum Fjarðabyggðar veturinn 2001-2002.

6 NÁTTÚRUMENGUN

Það er stefna Fjarðabyggðar að íbúar sveitarfélagsins lifi og hrærist í heilnæmu og snyrtilegu umhverfi og að Fjarðabyggð leggi sitt að mörkum að draga úr losun óæskilegra lofttegunda.

Markmið 6.1 Að Fjarðabyggð verði snyrtilegt og aðlaðandi sveitrarfélag, bæði fyrir bæjarbúa og ferðafólk.

Leið 6.1.1 Skipulagt verði svæði til að skila inn endurnýtanlegum jarðefnum hvers konar. Svæðið verði ekki sýnilegt frá helstu vegum í sveitarfélaginu, t.d. verði það hulið með snyrtilegri þekjandi girðingu/plöntum/mön. Svæðið verði vel merkt og kynnt meðal þeirra sem koma til með að nýta sér slíkt svæði. Eftirlit verði haft með losun jarðfna til að tryggja ásættanlega umgengni og til að tryggja að öll endurvinnanleg jarðefni séu losað á þar til gerðum stöðum en ekki utan þeirra.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi og Forstöðumaður umhverfismálasviðs
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður <100.000
Tímasetning: Lokið fyrir sumarið 2001

Leið 6.1.2 Gert verði átak í hreinsun brotajárns í umhverfi Fjarðabyggðar árið 2001. Átakið kynnt fyrir íbúum og fyrirtækjum og öllum boðið að losa sig við ákveðið magn án kostnaðar. Ekki verði látið staðar numið við eitt skip, heldur málinu fylgt eftir og fleiri skip fengin ef þörf er á. Kannað verði hvort Fura standi við sinn hluta samnings við Sorpsamslag Mið-Austurlands varðandi hirðingu brotajárns. Athuga frekara samstarf við verkefnið „Fegurri sveitir“.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs í samvinnu við fulltrúa Fjarðabyggðar í stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands.
Kostnaður:
Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2001

Leið 6.1.3 „**Betri Fjarðabyggð**“. Gerð verði úttek á mögulegum úrbótum til að draga úr sjónmengun og helstu uppsprettum mengunar í Fjarðabyggð, m.a. verði leitað til íbúa um ábendingar. Umhverfismálanefnd ásamt starfsmönnum umhverfismálasviðs Fjarðabyggðar boði fundar í öllum hverfum þar sem íbúum gefst kostur á að koma með ábendingar um hvað má betur fara sbr. Leið 6.1.8, bls. 15. Í framhaldi verða úrbætur unnar með samstilltu stórátaki í hreinsun og fegrun umhverfisins í dreifbýli og þéttbýli. Að átakanu komi Haust, umhverfismálanefnd Fjarðabyggðar, atvinnulífið, Ferðamálasamtök Fjarðabyggðar, Sorpsamslag Mið-Austurlands, skóla, Þróunarstofa Austurlands, íbúar o.fl.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs í samvinnu við umhverfismálanefnd Fjarðabyggðar.
Kostnaður: Kostnaður <500.000 kr.
Tímasetning: Átakið verði unnið á árinu 2001 (sjá Leið 6.1.2) og 2002.

Leið 6.1.4 Fjölga rusladöllum í bæjunum.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs
Kostnaður: Kostnaður <500.000 kr.
Tímasetning: Lokið fyrir sumarið 2001.

Leið 6.1.5 Draga úr hvítleiðri hundaskítismengun á götum og gangstéttum. Nýsamþykkt reglugerð um hunda- og kattahald í Fjarðabyggð verði framfylgt og dreift til þeirra sem hafa leyfi til hunda-og/eða kattahalds. Eigendur hunda verði hvattir til að hirða upp eftir hunda sína.

Ábyrgur: Hundaeftirlitsmaður og forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Kostnaður <100.000 kr.
Tímasetning: Árlegri úttekt lokið í maí ár hvert.

Leið 6.1.6 Hafa róluvelli snyrtilega og örugga. Árlega verði gerð úttekt á leikvöllum sveitarfélagsins og m.a. gengið úr skugga um að leiktæki uppfylli öryggis-kröfur.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs og garðyrkjustjóri.
Kostnaður: Kostnaður <100.000 kr.
Tímasetning: Árlegri úttekt lokið í maí ár hvert.

Leið 6.1.7 Leita verði leiða til að draga úr sjónmengun vegna gá mavalla á Reyðarfirði. Annað hvort verði brotajárn flutt oftár burt eða leitað lausna til að hylja þá betur.

Ábyrgur: Fulltrúi Fjarðabyggðar í stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands.
Kostnaður:
Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2001

Leið 6.1.8 Fundir með umhverfismálanefnd og embættismönnum umhverfismálasviðs sbr. Leið 6.1.3, bls. 14. verði gerð að árlegum viðburði. Íbúum verði gefinn kostur á að benda á það sem betur má fara. Í framhaldi verði gerðar athugasemdir bréfleiðis við það sem betur má fara hjá fyrirtækjum, einstaklingum og stofnunum og þeim gefin frestur til úrbóta. Heimildir í reglugerðum og samþykktum verði nýttar til að þrýsta á að farið sé að tilmælum (hætta með úlfur, úlfur).

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs og formaður umhverfisnefndar.
Kostnaður:
Tímasetning: Fundum lokið fyrir maílok ár hvert.

Leið 6.1.9 Eins og áður verði fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir sem standi sig best í að halda umhverfi sínu snyrtilegu verðlaunaðir en þó verði reynt að taka meira tillit til þátta eins og notkunar eiturefna í gördum o.fl. þ.h. Í þessu skyni verði leitað eftir ábendingum og upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Ábyrgur: Umhverfismálanefnd.
Kostnaður: <100.000 kr.
Tímasetning: Í síðasta lagi í september ár hvert.

Leið 6.1.10 Efla umhverfisvitund íbúa. Sjá nánar leiðir fyrir Markmið 4.2, bls. 10.

Leið 6.1.11 Á heimasíðu sveitarfélagsins verði komið upp „Umhverfisvaktinni“, þar sem íbúar geta sent inn ábendingar um það sem miður fer og það sem er gott. Ábendingum og kvörtunum sem berast embættismönnum sveitarfélagsins í viðtalstímum þeirra og á heimasíðunni sé safnað saman til að fá yfirsýn. Reglulega verði farið yfir kvartanir sem borist hafa á sviðsstjórafundum og reynt að leita lausna í málum.

Ábyrgur: Upplýsinga- og kynningafultrúi komi upp vaktinni, taki mánaðarlega saman ábendingar og komi til sviðsstjóra.
Kostnaður: 0 kr. Hluti af heimasíðupottinum
Tímasetning: „Umhverfisvaktin“ opnuð formlega á degi umhverfisins þann 25. apríl 2001

Leið 6.1.12 Íbúar reglulega minntir á að það eru þeir sem skapa sveitarfélagið og þeir hvattir til að leggja sitt að mörkum allt árið um kring í að halda umhverfi sínu snyrtilegu, s.s. sópa glerbrot í sínu nágrenni, tína rusl o.m.fl. A.m.k. árlega verði sent út blað með upplýsingum um hvað sveitarfélagið er að gera til að bæta umhverfið og íbúar hvattir til að leggja sitt að mörkum. Jafnvel mætti vera innlegg frá íbúa hverju sinni.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: Kostnaður >100.000
Tímasetning: Eftir þörfum, en a.m.k. eitt blað verði sent árlega til íbúa.

Leið 6.1.13 Strendur Gerpissvæðisins gengnar annað hvert ár og þær hreinsaðar. Verkefnið falið félagasamtökum sem fjáröflun

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: <100.000 kr.
Tímasetning: Fyrst sumarið 2001 og svo annað hvert ár eftir það.

Leið 6.1.14 Garðyrkjustjóri vinni áætlun um fegrun bæjanna með áherslu á sjálfbærari græn svæði, þ.e. leiti leiða til að hafa falleg græn svæði sem kostar litla vinnu að viðhalda. T.d. leita leiða til að draga úr slætti, eiturefnanotkun o.þ.h.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Hafist handa við áætlanagerð sumarið 2001. Aðgerðir unnar í beinu framhaldi.

Markmið 6.2 **Megnun hvers konar verði í lágmarki. Íbúar Fjarðabyggðar séu meðvitaðir um spilliefni og önnur mengandi efni. Skil á spilliefnum verði betri en hún er árið 2000.**

Leið 6.2.1 Átak í fræðslu og kynningu á spilliefnum og mengandi efnum. Íbúar og fyrirtæki verði frædd um spilliefni og mengandi efni. Hugsanlega mætti sækja um styrk í verkefnið til umhverfissráðuneytisins, spilliefnanefndar, olíufélaganna, o.fl.

Ábyrgur: Fulltrúi Fjarðabyggðar í stjórn Sorpamlags Mið-Austurlands í samvinnu við Haust.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur. Kostnaður <500.000 kr.
Tímasetning: Átakið unnið sumarið 2001

Leið 6.2.2 Vekja athygli á umhverfismerktum vörum í samvinnu við búðareigendur. Sjá nánar Leið 11.2.1, bls. 28.

Leið 6.2.3 Leitað verði leiða til að tryggja að Sorpsamlag Mið-Austurlands fylgi settum reglum um förgun kælimiðla með klórflúorefnum.

Ábyrgur: Fulltrúi Fjarðabyggðar í stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands.
Kostnaður:
Tímasetning: Búið verði að skoða mögulegar leiðir til að hætta urðun klórflúorefna hjá Sorpsamlagi Mið-Austurlands fyrir árslok 2002.

Markmið 6.3 **Dregið verði úr losun CO₂ á hvern íbúa í Fjarðabyggð.**

Leið 6.3.1 Dregið verði úr notkun einkabilsins og akstri á vegum sveitarfélagsins. Sjá nánar leiðir fyrir Markmið 5.2.

Leið 6.3.2 Hinn árlegi bíllausi dagur verði nýttur til að gróðursetja tré sem væri tákn um hreinsun á útblæstri frá bílum – eitt tré fyrir hvern bíl. Sjálfboðaliðastarf eitt kvöld á sumri. Sjá nánar Leið 5.2.2. bls. 12.

Leið 6.3.3 Sett verði upp skilti við verslanir og þjónustustaði þar sem bílstjórum er bent á að skilja ekki bíla sína eftir í gangi.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs fari þess á leit við verslanir og þjónustustaði.

Kostnaður:

Tímasetning: Búið verði að hafa samband við öll fyrirtæki og þjónustustaði í Fjarðabyggð fyrir septemberlok 2001

Markmið 6.4 Öll starfsleyfisskyld fyrirtæki og stofnanir í Fjarðabyggð verði komin með starfsleyfi fyrir árslok 2003.

Leið 6.4.1 Unnið verði áttak í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Öllum fyrirtækjum gert að hafa starfsleyfi og starfa samkvæmt því.

Ábyrgur: Bæjarstjórn óski eftir því að Haust vinni að áttakinu.

Kostnaður: Mógulegur fjárhagslegur ávinningur.

Tímasetning: Lokið fyrir árslok 2003.

Markmið 6.5 Landsins hreinustu strendur árið 2007. Mengun við strendur í Fjarðabyggð verði innan marka þeirra viðmiða sem sett eru í lögum og reglugerðum.

Leið 6.5.1 Frárennismál sveitarfélagsins og fyrirtækja komin í það horf sem kveðið er á um í reglugerðum. Sjá nánar málaflokkinn Fráveitur, bls. 6.

Leið 6.5.2 Áttak í hreinsun strandlengjunnar í Fjarðabyggð sbr. Leið 6.1.3, bls. 14 og Leið 6.1.13, bls 16.

Markmið 6.6 Sveitarfélagið verið góð fyrirmynd við að draga úr náttúru-mengun hvers konar.

Leið 6.6.1 Allir brotjárn- og ruslahaugar á vegum sveitarfélagsins verði fjarlægðir í tengslum við áttak sumarið 2001, sbr. Leið 6.1.2 og komið í veg fyrir að slíkir haugar myndist aftur. Forstöðumaður umhverfissviðs sé **ábyrgur** fyrir því að slíkir haugar myndist ekki aftur.

Leið 6.6.2 Snyrtilegum geymslusvæðum verði komið upp í öllum hverfum Fjarðabyggðar undir ýmiss konar dót á vegum sveitarfélagsins, tæki og annað sem ekki er ennþá orðið að drasli. Svæði verði falin með girðingum/plöntum-/jarðvegsmönnum eða með öðrum leiðum.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.

Kostnaður:

Tímasetning: Búið verði að koma upp slíkum geymslusvæðum vorið 2002.

7 MENNINGARMINJAR, NÁTTÚRUVERNÐ OG SKIPULAG.

Það er stefna Fjarðabyggðar að vernda sögulegar minjar og gera þær lifandi og aðgengilegar almenningi. Jafnframt er það stefna Fjarðabyggðar að náttúrlegum fjölbreytileika lífríkis og landslags verði haldið við og að ekki verði gengið á náttúrulegar auðlindir hraðar en þær endurnýjast.

Markmið 7.1 Aflað verði meiri þekkingar á menningarminjum í Fjarðabyggð og vinna verndaráætlun um menningarminjar.

Leið 7.1.1 Ljúka við úttekt á fornminjum í allri Fjarðabyggð. Í framhaldi verði gerð úttekt og skráning á menningarminjum sem ekki falla undir fornminjar s.s. gömul hús, gamlar bryggjur, sjóhús og annað sem ber sögu og menningu Fjarðabyggðar vitni. Í framhaldi af þeirri úttekt verði unnin langtíma verndaráætlun sem tekur forn- og menningarminja.

Ábyrgur: Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs í samvinnu við fagaðila.
Kostnaður: Hluti af aðalskipulagsgerð.
Tímasetning: Verði tekið með í núverandi aðalskipulagsgerð.

Leið 7.1.2 Fenginn verði aðili til að taka saman þjóðsögur, örnefni, vísur, frásagnir eldri manna í Fjarðabyggð o.fl. þ.h. Til dæmis með myndbands- og/eða segulbandsupptökum. Skoða leiðir til styrkveitingar til útgáfu bókar og/eða kvikmyndunar á sögum úr Fjarðabyggð, líkt og hefur verið gert til að kvikmynda dýralíf í Fjarðabyggð.

Ábyrgur: Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs í samstarfi við fræðslu- og menningarnefnd
Kostnaður: Veittur verði 500.000 krónu styrkur til verkefnisins.
Tímasetning: Lokið í desember 2005

Markmið 7.2 Að Fjarðabyggð verði „merkilegasta“ sveitarfélagið.

Leið 7.2.1 Gönguleiðir, stofnanir, hús, eyðibýli, sveitabæir, merkilegar jarðmyndanir o.fl. þ.h. verði merkt. Hvatt verði til frekari merkingu gönguleiða á vegum Ferðafélags fjarðamanna. Sjá einnig Leið 5.1.1. bls. 12.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs og forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs í samvinnu við hlutaðeigandi.
Kostnaður: <500.000 kr.
Tímasetning: Úrbótum á merkingum lokið haust 2002.

Leið 7.2.2 Töluvert hefur verið gert í því að merkja gömul hús nöfnum og byggingarári í Neskaupstað og á Eskifirði en lengi má gott bæta. Íbúar sveitarfélagsins verði bréfleiðis hvattir til að merkja hús sín, númeri, nafni, byggingarári og jafnvel sögu hússins. Í bréfinu verði ábendingar um hvar megi leita upplýsinga um byggingarár og nöfn húsa. Leitað verði tilboða hjá skiltagerðum til þessa átaks. Í framhaldi mætti útbúa upplýsinga- og kynningabækling og/eða vefsíðu um hús í Fjarðabyggð og sögu þeirra.

Ábyrgur: Upplýsinga- og kynningafulltrúi.
Kostnaður: <500.000
Tímasetning: Bréf sent í síðasta lagi í september 2001. Skoðaðar leiðir til að útbúa slíkan bækling/vefsíðu veturinn 2001-2002.

Markmið 7.3 Aflað verði meiri þekkingar á náttúruferi í Fjarðabyggð og að líffræðilegum fjölbreytileika lífríkis og landslags sveitarfélagsins verði viðhaldið.

Leið 7.3.1 Gerð verði úttekt á líffræðilegum fjölbreytileika í sveitarfélaginu og landslagsgerðum sem hafa verndargildi vegna fræðslugildis út frá náttúrufræði- og umhverfisfræðilegu tillti.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi fái til þess fagaðila (t.d. Náttúrustofu Austurlands og kennara).

Kostnaður: Hluti af aðalskipulagsgerð.

Tímasetning: Verði tekið með í núverandi aðalskipulagsgerð.

Leið 7.3.2 Skilgreind verði verndarsvæði í þéttbýli fyrir náttúrulega flóru og fínu sveitarfélagsins, t.d. meðfram strandlengjunni og við leirur í fjarðabotnum. Á slíkum svæðum verði efnistaka og aðrar framkvæmdir takmarkaðar.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi í samvinnu við fagaðila.

Kostnaður: Hluti af aðalskipulagsgerð.

Tímasetning: Verði tekið með í núverandi aðalskipulagsgerð.

Markmið 7.4 Unnið verði markvisst að uppgræðslu og skógrækt á skilgreindum svæðum í Fjarðabyggð.

Leið 7.4.1 Vinna heildaráætlun um uppgræðslu og skógrækt á skilgreindum svæðum í Fjarðabyggð í samvinnu við Rala, Skógræktarfélag og Landgræðsluna þar sem áhersla verður lögð á innlendar tegundir.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri í samvinnu við fagaðila.

Kostnaður: Hluti af fé sem rennur til garðyrkju.

Tímasetning: Áætlun verði lokið 2004.

Leið 7.4.2 Mörkuð verði stefna um notkun Lúpínu í uppgræðslu í Fjarðabyggð.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri og umhverfismálanefnd í samvinnu við fagaðila.

Kostnaður: Hluti af starfi garðyrkjustjóra.

Tímasetning: Búið verði að móta stefnuna vorið 2002

Leið 7.4.3 Reynt verði að lifga upp á verkefnið flag í fóstur meðal íbúa. Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki verði hvött til að taka að sér flag í fóstur. Verkefnið verði kynnt formlega og óskað eftir þátttöku íbúa.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri og umhverfismálanefnd.

Kostnaður: 0 kr.

Tímasetning: Verkefnið verði komið í gagn við sumarið 2001.

Markmið 7.5 Að auka virðingu fyrir náttúrunni og bæta umgengni um hana.

Leið 7.5.1 Skólar Fjarðabyggðar, leikskólar, grunnskólar og vinnuskólar gegna hér miklu hlutverki. Sjá nánar málaflokkinn *Umhverfisfræðsla*, bls. 10.

Leið 7.5.2 Nýta betur lög, reglugerðir og samþykktir til að tryggja betri umgengni íbúa við umhverfis sitt. Rætt verði við lögreglu um átak í þessum efnum.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs í samvinnu við lögregluyfirvöld

Kostnaður: 0 kr.

Tímasetning: Formlega óskað eftir samvinnu lögreglu fyrir vorið 2001

Leið 7.5.3 Merkar menningarminjar og náttúru fyrirbrigði verði merkt á snyrtilegan hátt. Unnar verði tillögur að því hvaða staði og fyrirbæri er æskilegt að merkja. Sjá nánar Leið 7.2.1 og Leið 7.2.2, bls. 18.

Markmið 7.6 Að Fjarðabyggð verði þekkt fyrir hátt hlutfall friðlýstra svæða innan marka sveitarfélagsins. Í því skyni verð markvisst þrýst á hraðari vinnubrögð að hálfu Náttúruverndar ríkisins vegna friðlýsingu Gerpissvæðisins.

Leið 7.6.1 Nú þegar eru tveir fólkvangar í Fjarðabyggð. Vinna þarf skipulega að því að viðhalda og auka veg þeirra. Friðun Gerpissvæðisins hefur verið í vinnslu hjá Náttúruvernd ríkisins í töluverðan tíma. Þrýsta þarf á hraðari vinnubrögð við friðun Gerpissvæðisins hjá Náttúruvernd ríkisins. Náttúrustofu Austurlands verði formlega falin umsjón með friðlýstum svæðum í Fjarðabyggðar.

Ábyrgur: Umhverfismálanefnd.

Kostnaður:

Tímasetning: NA falin umsjón með friðlýstum svæðum í Fjarðabyggð fyrir vorið 2001.

Markmið 7.7 Við skipulagsgerð og í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins verði ríkulega tekið mið af menningarminjum, náttúruvernd og þörf íbúa fyrir útivist.

Leið 7.7.1 Göngu og sagnaslóðir verði kortlagðar og gerðar sýnilegar í umhverfinu. Við aðalskipulagsgerð verði lögð áhersla á að tengja göngustígakerfi við menningar- og náttúruminjar. Úttekt á líffræðilegum fjölbreytileika og landslagsgerðum, sbr. Leið 7.3.1 og Leið 7.3.2 bls. 19 og úttekt og verndaráætlun á fornminjum og menningarminjum, sbr. Leið 7.1.1, bls. 18 verði höfð að leiðarljósi við aðalskipulagsgerð.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi fái til þess fagaðila.

Kostnaður: Hluti af aðalskipulagsgerð.

Tímasetning: Verði tekið með í þeirri aðalskipulagsgerð sem nú er verið að vinna.

Leið 7.7.2 Eftirfarandi tillögur íbúa verði skoðaðar við aðalskipulagsgerð:

- ⇒ Skipulögð verði skemmtileg og aðgengileg útivistarsvæði fyrir alla fjölskylduna með leiktækjum, hlaupastígum, grilli, bekkjum o.fl. þ.h. t.d. í Lystigarðinum í Neskaupstað eða inn í Teig.
- ⇒ Komið verði upp göngustígum meðfram ströndinni þar sem því er viðkomið. Leggja áherslu á að Fjarðabyggð byggist upp á strandbæjum, nálægðinni við sjóinn
- ⇒ Skokkbraut, göngubraut í kyrrðinni í sveitinni, t.d. meðfram Norðfjarðará.
- ⇒ Leggja göngustíg upp gilið að austanverðu við Nesskóla.
- ⇒ Byggja brú yfir ós Norðfjarðará, líkt og gert hefur verið í Viðfirði og opna þannig útivistarsvæði í Búlandinu.
- ⇒ Byggja brú hjá gólfskálanum á Eskifirði þar sem fiskhausarnir eru eða þar um kring.
- ⇒ Að efla bæjarbrag, í hverjum kjarna verði komið upp togi. Á Reyðarfirði verði komið upp torgi fyrir aftan Hermes.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi.

Kostnaður:

Tímasetning: Verði tekið með í þeirri aðalskipulagsgerð sem nú er verið að vinna.

Leið 7.7.3 Við aðalskipulagsgerð verði þátttaka íbúa tryggð, t.d. með því að bjóða þeim að taka þátt í „samráðsskipulagsgerð“¹.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi.

Kostnaður:

Tímasetning: Verði tekið með í þeirri aðalskipulagsgerð sem nú er verið að vinna.

Markmið 7.8 Skipulag og skipulagsáætlanir taki mið af sjálfbærri þróun. Sveitarfélagið verði þekkt fyrir vistvæn byggingarform og notkun vistvænni byggingarefna.

Leið 7.8.1 Meiri áhersla verði lög á vistvænni byggingarefni og byggingarform við hönnun bygginga fyrir sveitarfélagið. Í útboðum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins verði verktökum gert að fylgja umhverfisstefnu Fjarða-byggðar.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs og Skipulagsfulltrúi

Kostnaður:

Tímasetning: Strax verði farið að skoða vistvænni byggingarefni og –form og verktökum verði gert að fylgja umhverfisstefnu Fjarðabyggðar þegar hún er tilbúin, sbr. Leið 10.1.1, bls. 25.

Leið 7.8.2 Hugað verði almennt að „vistvænni“ hverfum í skipulagsgerð. Í deiliskipulögum verði t.d. lagt upp úr „vistvænni“ hverfum með áherslu á umferð gangandi og hjólandi og gert verði ráð fyrir meira plássi til hverfisjarðgerðar o.fl. þ.h. í anda sjálfbarrar þróunar. Efnt verði til samkeppni meðal skóla í Fjarðabyggð um uppbyggingu slíkra hverfa. Við það tækifæri verði skipulagsgerð kynnt fyrir skólabörnum.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi í samvinnu við skólastjóra.

Kostnaður: <100.000

Tímasetning: Hugmyndasamkeppnin verði haldin samhliða hugmyndasamkeppni um umhverfi skólanna, sbr. Leið 4.1.1, bls. 10. og verði lokið 25. apríl 2002.

¹ (e: Community Planning, Action Planning). Aðferðarfræði við skipulag sem byggist á því að íbúum er boðið að koma með hugmyndir að skipulagi sveitarfélagsins. Hafist er handa með autt blað þar sem íbúar fá að koma á framfæri sínum draumum og lausnum. Fólk fær að búa sitt eigið skipulag með grunnkorti og teiknipappír. Er hægt að nota með börnum, unglingum og fullorðnum.

8 ORKA

Það er stefna Fjarðabyggðar að hlutur umhverfismálasviðs orkugjafa aukist í almennri orkunotkun, að orkan verði betur nýtt og að orkunotkun Fjarðabúa valdi lágmarks álagi á náttúruna.

Markmið 8.1 Orkunotkun á hvern íbúa dragist saman um 10% fyrir árið 2005 m.v. orkunotkun ársins 2000. Orkusparnaður verði í hávegum hafður hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess.

Leið 8.1.1 Tekin verði saman upplýsingar um orkunotkun á hvern íbúa í Fjarðabyggð árið 2000.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: 0 kr.
Tímasetning: Lokið í mars 2001.

Leið 8.1.2 Unnar verði tillögur um hvar og hvernig megi grípa til orkusparandi aðgerða í rekstri sveitarfélagsins og stofnanna þess. Úttektin taki til jarðefnaeldsneytis, raforku og annarrar orku sem notuð er hjá sveitarfélaginu. Tillögur gætu t.d. falið í sér eftirfarandi orkusparandi aðgerðir:

- Setja sparperur í öll ljós hjá stofnunum sveitarfélagsins.
- Draga úr notkun bifreiða í rekstri sveitarfélagsins með því að hvetja stafs menn til að nýta hjól og/eða ganga styttri leiðir.
- Auka hlut simfunda og fjarfunda á kostnað „snertifunda“ á vegum sveitarfélagsins
- Leggja áherslu á að kaupa sparneytna bíla.
- Rafveita Reyðarfjarðar hugi að orkusparandi aðgerðum, s.s. bæti fótósellubúnað í götu-ljósum sínum o.þ.h.
- Leggja áherslu á það við starfsfólk sveitarfélagsins að það láti ekki ljós loga að óþörfu, slökkvi á kaffikönnum og öðrum rafmagnstækjum sem ekki eru í notkun, o.fl. þ.h.
- Starfsmenn sveitarfélagsins hvattir til að láta bíla ekki ganga lausagang.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs og forstöðumaður stjórnsýslusviðs.
Kostnaður: kostnaður <100.000
Tímasetning: Lokið í febrúar 2002.

Leið 8.1.3 Íbúar verði hvattir til að fara sparlega með orku. Í því skyni verði óskað eftir því formlega við Rarik og Rafveitu Reyðarfjarðar að íbúum og fyrirtækjum í Fjarðabyggð verði kynntar leiðir til orkusparnaðar.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnsýslusviðs.
Kostnaður: kostnaður >100.000
Tímasetning: Kynningarfundur verði haldinn í síðasta lagi í október 2001.

Leið 8.1.4 Draga úr lausagangi bifreiða. Leitað verði samvinnu við lögreglu um átak þess eðlis að hvetja fólk til að láta bíla ekki ganga lausagang og nýta til þess ákvæði lögreglusamþykktar.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: kostnaður >100.000
Tímasetning: Átakið verði framkvæmt tímabilið janúar til september 2001.

Markmið 8.2 Orka í sveitarfélaginu verði betur nýtt.

Leið 8.2.1 Skoðaðar verði leiðir til að endurnota og endurnýta orku í sveitarfélaginu, t.d. varmaorku frá fiskimjölsverksmiðjum, hugsanlegu álveri, sundlaugum o.fl.þ.h. Mætti hugsanlega nýta slíka orku í fiskeldi.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs í samvinnu við fyrirtæki.

Kostnaður:

Tímasetning: Úttekt á möguleikum lokið fyrir árslok 2004

Markmið 8.3 Árið 2030 verði jarðefnaeldsneyti og aðrir mengandi orkugjafar ekki notaðir í Fjarðabyggð.

Leið 8.3.1 Bæjarbúar verði hvattir til að auka notkun vistvænni orkugjafa. Úttekt verði gerð á því hvaða vistvænni og sjálfbærari orkugjafar geta tekið við af jarðefnaeldsneyti í Fjarðabyggð. Meðal annars verði skoðaðir möguleikar á því að hætta með olíukyndingu í sveitarfélaginu, möguleikar á uppsetningu vindmylla, nýtingu metans, kaup á rafdrifnum bílum fyrir sveitarfélagið o.fl. þ.h.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.

Kostnaður:

Tímasetning: Árið 2005 verði búið að gera úttekt á því hvaða vistvænni orkugjafa er mögulegt að nýta.

9 EFNISNÁM

Það er stefna Fjarðabyggðar að efnisnám í sveitarfélaginu valdi ekki neikvæðum áhrifum á lífríki, náttúru- og menningarmínjar, landslag og útivistarsvæði. Efnisnámur skulu skynsamlega nýttar í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og tryggt skal að gengið sé frá námum fljótt og vel að notkun lokinni.

Markmið 9.1 Nýting efnisnáma í Fjarðabyggð byggist á metnaðarfullri framtíðaráætlun sem taki mið af sjálfbærri þróun og tryggi að efnisnám valdi ekki lýti á landslagi eða skaði lífríki, jarðmyndanir, fornminjar o.fl. þ.h.

Leið 9.1.1 Nú þegar er unnið að úttekt á efnisnánum í Fjarðabyggð í tengslum við skipulagsgerð. Í framhaldi af úttekt verði unnin áætluninni þar sem lögð verður áhersla á skynsamlega nýtingu og endurnýtingu jarðefna eins og kostur er. Í úttekt og framtíðaráætlun um nýtingu skal tekið tilliti til mögulegra framtíðarvatnsbóla í lausum jarðlögum, verndargildis svæða út frá náttúrufræði- og menningarmínjalegu tilliti o.þ.h.

Ábyrgur: Skipulagsfulltrúi hafi umsjón með að úttekt og áætlunin sé unnin.
Kostnaður: Hluti af aðalskipulagsgerð.
Tímasetning: Lokið í maí 2002.

Leið 9.1.2 Öll efnistaka, m.a. úr straumvatni og við árósa verði háð framkvæmdaleyfi sveitastjórnar og umsögn Náttúruverndar ríkisins, þar sem það á við, líkt og kveðið er á um í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður:
Tímasetning: Allaf í gangi.

Leið 9.1.3 Skilvirkt eftirlit verði með öllu efnisnámi, skynsamlegri nýtingu og endurnýtingu jarðefna í Fjarðabyggð. Í þessu skyni veriði skipulagt svæði til geymslu og endurvinnslu á jarðefnum. Sjá nánar í málaflokknum *Náttúrumengun*, Markmið 6.1, bls. 14, bls.

Markmið 9.2 Í sveitarfélaginu verði fáar, stórar námur í notkun hverju sinni.

Leið 9.2.1 Mætt með skilvirku eftirliti. Farið verði að lögum og tryggt að nýtt efnisnám sé ekki hafið án framkvæmdaleyfis og framkvæmdaleyfi verði gefið með hliðsjón að framtíðaráætlun sveitarfélagsins um nýtingu efnisnáma (sem skal vera lokið 2002, sbr. Leið 9.1.1, bls 24). Jafnframt skal það tryggt strax við veitingu framkvæmdaleyfis að gengið sé snyrtilega frá námum jafnóðum og hætt er að nota þær.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs og byggingafulltrúi.
Kostnaður:
Tímasetning: Strax.

Leið 9.2.2 Fyrir árslok 2005 verði búið að ganga frá öllum námum í Fjarðabyggð sem ekki eru lengur í notkun. Í samvinnu við Vegagerðina og aðra hlutaðeigandi verði gert átak í að ganga frá öllum gömlum námum, brotajárn og rusl tæmt úr þeim og holur fylltar, t.d. mætti hugsanlega nýta einhverjar af þessum gömlu námum til miðlægrar jarðvegsgerðar. Einnig mætti nýta afgangsefni sem ekki er hægt að nýta til þess að fylla upp í gömul sár.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs.
Kostnaður: > 500.000
Tímasetning: Átakið verði hafið í síðasta lagið í ársbyrjun 2002 og lokið í árslok 2005.

10 INNKAUP OG REKSTUR SVEITARFÉLAGSINS OG STOFNANA ÞESS

Það er stefna Fjarðabyggðar að rekstur sveitarfélagsins og stofnana þess verði í fararbroddi og til fyrirmyndar í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og í umhverfismálum. Í allri starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess verði hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi. Allir starfsmenn þekki og taki þátt í Staðardagskrá 21.

Markmið 10.1 Allar stofnanir og fyrirtæki Fjarðabyggðar hafi mótað sér umhverfisstefnu fyrir árslok 2002.

Leið 10.1.1 Stofnunum og fyrirtækjum Fjarðabyggðar verði gert að móta sér raunhæfa umhverfisstefnu sem takið mið af sjálfbærri þróun og farið verði eftir í rekstri þeirra. Samfara umhverfisstefnu verði unnið í því að vekja og virkja áhuga starfsfólks. Skipaðir verði umhverfisfulltrúi í hverri stofnun/fyrirtæki sem er ábyrgur fyrir því að starfsfolk framfylgi stefnunni. Umhverfisfulltrúi fái tækifæri til að sinna starfi sínu í vinnutíma og verði hvattir til að sækja hvers konar námskeið um umhverfismál og umhverfisfræðslu.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnssýslusviðs.
Kostnaður: <100.000
Tímasetning: Öll fyrirtæki og stofnanir hafi mótað sér umhverfisstefnu í árslok 2002.

Markmið 10.2 Að minnka magn urðaðs úrgangs sem fellur til hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess um 20% á hvern íbúa fyrir árslok 2005 m.v. magn urðaðs úrgangs á íbúa árið 1999.

Leið 10.2.1 Komið verði í veg fyrir myndun hvers kyns úrgangs strax við uppsprettur. Stefnt verði að hámarksnýtingu allra aðfanga, dregið úr hvers konar sóun og áhersla lögð á endurnýtingu og endurvinnslu. Unnar verði tillögur um hvar megi draga úr úrgangi í rekstri t.d. hvað varðar betri nýtingu pappírs, draga úr notkun plast- og pappírsglasa o.fl. þ.h. Mörg dæmi um einfaldar leiðir til að minnka magn úrgangs sem til fellur má finna í Viðauki II - Umhverfisstefna í ríkisrekstri, bls. 32.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnssýslusviðs og yfirmenn hverrar stofnunar.
Kostnaður:
Tímasetning: Tillögur verði tilbúnar fyrir árslok 2002.

Markmið 10.3 Að innkaup sveitarfélagsins verði umhverfisvæn.

Leið 10.3.1 Mörkuð verði innkaupastefna fyrir sveitarfélagið þar sem áhersla verði lögð á umhverfisvæn innkaup. Innkaup sveitarfélagsins verði á höndum fárra einstaklinga og innkaupastefnan miði að því að velja umhverfisvænar vörur fram yfir þær sem valda meiri skaða á umhverfinu. Innkaupastefnan verði endurskoðuð reglulega. Sjá nánar í Viðauki III – Umhverfisvæn innkaup, bls. 33.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnssýslusviðs og forstöðumaður fjármálasviðs.
Kostnaður:
Tímasetning: Búið verði að marka umhverfisvæna innkaupastefnu í árslok 2002.

Markmið 10.4 Dregið verði úr úr hvers kyns mengun og notkun hættulegra efna og eiturefna í starfsemi sveitarfélagsins.

Leið 10.4.1 Gerð úttekt á þeim mengandi efnum sem notuð eru í sveitarfélaginu og unnar tillögur að úrbótum sem miða að því að endurskoða innkaup, sbr. Leið

10.4.1 og taka í notkun önnur minna mengandi efni. Jafnframt verði dregið úr magni þeirra efna sem notuð eru.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfissviðs í samvinnu við Haust.

Kostnaður:

Tímasetning: Úttekt lokið í árslok 2001. Endurskoðun innkaupa sbr. Leið 10.4.1 í árslok 2002.

Leið 10.4.2 Tryggt verði að öllum spilliefnum sem til falla í starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess sé skilað til förgunar. Í því skyni verði komið af stað kynningarherferð til að kynna fyrir starfsmönnum hvað eru spilliefni og hvernig eigi að skila þeim inn til förgunar.

Ábyrgur: Forstöðumaður umhverfismálasviðs í samvinnu við Haust.

Kostnaður:

Tímasetning: Kynningarherferð lokið í maí 2001.

Markmið 10.5 Starfsmenn sveitarfélagsins og stofnanna þess þekki innihald Staðardagskrár 21 í Fjarðabyggð og áhrif starfs síns á umhverfið og séu virkir þátttakendur í að framfylgja Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð.

Leið 10.5.1 Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð verði kynnt fyrir öllum starfsmönnum sveitarfélagsins og innan stofnanna þess.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

Kostnaður: < 100.000 kr.

Tímasetning: Kynningarfundir verði haldnir í síðasta lagi fyrir maí 2001.

Markmið 10.6 Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð skal viðhaldið og hún endurskoðuð reglulega í samræmi við breytingar á ytri og innri aðstæðum.

Leið 10.6.1 Skipuð verði sérstök Staðardagskrár nefnd sem sitji eitt kjörtímabil í senn og hafi það hlutverk að vera eftirlitsaðili með framkvæmd verkefna og sjá til þess að Staðardagskrár 21 í Fjarðabyggð verði endurskoðuð og uppfærð eins og þörf er á. Nefndinni verði sett í skipurit Fjarðabyggðar og hittist a.m.k. einu sinni á ári. Leitað verði eftir þátttöku íbúa í slíkri nefnd. Æskilegt er að nefndarmenn séu ekki bæjarfulltrúar, heldur hinn almenni íbúi sem hefur áhuga á málefnum Staðardagskrár 21.

Ábyrgur: Bæjarstjórn.

Kostnaður:

Tímasetning: Nefndin verði stofnuð fljótlega eftir að framkvæmdaáætlun þessi hefur verið samþykkt og í síðasta lagi í mars 2001.

Leið 10.6.2 Árlega skal framkvæmdaáætlun Staðardagskrár 21 í Fjarðabyggð yfirfarin og endurskoðuð. Samantekt skal gerð á því hvaða árangur hefur náðst og endurskoða framkvæmdaáætlun í ljósi samantektar og breyttra ytri og innri aðstæðna.

Ábyrgur: SD21 nefndin, sbr. Leið 10.6.1, bls. 26

Kostnaður:

Tímasetning: Nefndin skal koma saman í síðasta lagi í febrúar ár hvert til að fara yfir árangur síðasta árs.

Leið 10.6.3 Skoðað verði hvort æskilegt er að breyta garðyrkjustjóraembættinu í embætti „Umhverfisstjóra Fjarðabyggðar“. Það verði hlutverk umhverfisstjóra ásamt SD21 nefndinni að sjá til þess að Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð sé framfylgt og hún endurskoðuð reglulega.

Ábyrgur: Bæjarstjórn.

Kostnaður:

Tímasetning: Verði lokið í maí 2002.

Leið 10.6.4 Grænt bókhald verði sjálfsagður hluti af starfsemi bókhaldsdeildar sveitarfélagsins. Þannig verði Staðardagskrár 21 gerð gengsæ með mælanlegum árangri. Strax verði farið í að mæla þætti eins og orkunotkun á hvern íbúa, fjöldi bíla á íbúa, útstreymi CO₂ á íbúa, magn sorps á íbúa, magn urðaðs sorps á íbúa og hlutfall umhverfismerkra vara í búðum. Öðrum umhverfisvísium verði bætt við eftir þörfum.

Ábyrgur: Fjármálastjóri. – Starfsmaður SD21

Kostnaður:

Tímasetning: Fyrstu skýrslan um grænt bókhald líti dagsins ljós í ársbyrjun 2003.

Markmið 10.7 Markmið Fjarðabyggðar er að miðla þekkingu um umhverfismál í sveitarfélaginu og gefa íbúum möguleika á að hafa áhrif á umbætur í sínu nánasta umhverfi.

Leið 10.7.1 Halðið verði úti heimasíðu fyrir SD21 í Fjarðabyggð þar sem íbúar geti haft áhrif á þróun mála og fylgst með því sem er að gerast. Sjá www.simnet.is/na/stadardagskra.htm.

Ábyrgur: Staðardagskrárnefndin, sbr. Leið 10.6.1, bls. 26.

Kostnaður:

Tímasetning: Strax.

Leið 10.7.2 Niðurstöður árlegrar samantektar á árangri Staðardagskrár 21 í Fjarðabyggð, sbr. Leið 10.6.2 skulu kynntar starfsmönnum sveitarfélagsins og íbúum þess og öllum gefin kostur á að koma með athugasemdir, t.d. á sérstakri heimasíðu Staðardagskrár 21 í Fjarðabyggðar, sbr. Leið 10.7.1, bls. 27.

Ábyrgur: SD21 nefndin.

Kostnaður:

Tímasetning: Í síðasta lagi í mars ár hvert skal nefndin kynna samantekt síðasta árs.

11 ATVINNULÍFIÐ

Það er stefna Fjarðabyggðar að stuðla að því að atvinnulíf í Fjarðabyggð verði til fyrirmyndar hvað snýrtimennsku og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda varðar. Jafnframt er það stefna Fjarðabyggðar að eftirsóknarvert verði að starfrækja hvers konar matvælaframleiðslu í hreinu og heilnæmu umhverfi Fjarðabyggðar.

Markmið 11.1 Að fyrirtæki í Fjarðabyggð séu meðvituð um sitt nánasta umhverfi og áhrif starfsemi sinnar á það og sjái hag sinn í að lágmarka úrgang, endurnýta og endurvinna eins og kostur er.

Leið 11.1.1 Reglulega verði boðið upp á námskeiði í hreinni framleiðslu tækni eða önnur sambærileg námskeið fyrir atvinnulíf í Fjarðabyggð.

Ábyrgur: Forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

Kostnaður:

Tímasetning: A.m.k annað hvert ár verði boðið upp á slíkt námskeið ef næg þátttaka fæst.

Markmið 11.2 Að íbúar í Fjarðabyggð eigi kost á að gerast vistvænir neytendur

Leið 11.2.1 Matvöruverslanir verði hvattar til að auka framboð á umhverfismerktum vörum. Í auknum mæli verði boðið upp á matvæli sem ræktuð eru í næsta nágrenni, vistvænt og lífrænt ræktuð matvæli, og umhverfismerktar vörur. Áhersla verði lögð á að selja vörur í stærri umbúðum.

Ábyrgur: Starfsmaður Sd21 leiti samstarfs við búðir.

Kostnaður: Engin.

Tímasetning: Búið verði að fara í allar verslanir og kynna slíkar hugmyndir í maí 2001.

Leið 11.2.2 Útibúið verði veggspjald í samvinnu við matvöruverslanir sem bendi neytendum á leiðir til að verða vistvænni.

Ábyrgur: Starfsmaður Sd21.

Kostnaður: <100.000 kr.

Tímasetning: Veggspjöld verði komin upp í verslunum í maí 2001.

Leið 11.2.3 Matvöruverslanir afhendi viðskiptavinum sínum margnota poka undir vörur og reyni eftir fremsta megni að draga úr magni einnota plastpoka sem seldir eru. Jafnframt verði skoðar leiðir til að bjóða upp á „bioplastpoka“.

Ábyrgur: Starfsmaður Sd21.

Kostnaður: 0 kr.

Tímasetning: Leitað verði til matvöruverslana um að bjóða upp á margnota poka fyrir maí 2001.

Markmið 11.3 Umhverfi í Fjarðabyggð og þar með afurðir og þjónusta fyrirtækja í Fjarðabyggð verið þekkt fyrir heilnæmi og hreinleika.

Leið 11.3.1 Átak sem miði að því að gera umhverfi fyrirtækja snyrtilegt. Sjá nánar málaflokkinn *Náttúrumengun*, Leið 6.1.3, bls. 14.

Leið 11.3.2 Árlega verði tekið saman það sem er til fyrirmyndar hjá fyrirtækjum í Fjarðabyggð og snyrtilegasta og vistvænasta fyrirtæki verðlaunað. Sjá nánar Leið 6.1.9, bls. 15.

Leið 11.3.3 Kanna möguleika á að stuðla að sameiginlegu markmiði fyrirtækja í Fjarðabyggð um að stefna að lífrænni/vistvænni framleiðslu/þjónustu, t.d með því að stofna hagsmunasamtök atvinnulífs í Fjarðabyggð. T.d verði lögð áhersla á vistvæna ferðamennsku á Gerpissvæðinu o.fl. þ.h.

Ábyrgur: Upplýsinga- og kynningafulltrúi, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands.

Kostnaður:

Tímasetning: Fyrsti fundur um slíkt haldin í síðasta lagi í september 2001.

12 MEINDÝRA- OG ILLGRESISEYÐING

Það er stefna Fjarðabyggðar að útbreiðslu meindýra verði haldið í skefjum. Ráðstafanir gegn hvers konar meindýrum miði að því koma í veg fyrir skaða og óþægindi af völdum þeirra um leið og reynt er að lágmarka magn eiturefna sem notað er í heim tilgangi eins og hægt er. Það er stefna Fjarðabyggðar að draga úr notkun hvers kyns plöntueiturs í sveitarfélaginu.

Markmið 12.1 Meindýrum verði haldið í lágmarki um leið og reynt verður að draga úr magni eiturefna sem notað er við meindýraeyðingu um 20% á næstu 10 árum.

Leið 12.1.1 Úttækt verði gerð á allri strandlengju bæjanna til þess að finna út hvar úrbóta er þörf á frágangi mannvirkja með tilliti til meindýrar og til að lágmarka aðgengi að æti fyrir meindýr.

Ábyrgur: Meindýraeyðir.
Kostnaður: Hluti af starfi meindýraeyðis.
Tímasetning: Úttækt lokið í nóvember 2001.

Leið 12.1.2 Matvælafyrirtæki dragi eins og mögulegt er úr lífrænum efnum í fráveitum sínum. T.d. verði öryggis- og gæðaeftirlit bætt með það markmið að draga úr slysum þar sem úrgangur sleppur út í umhverfið. Sjá líka Leið 11.1.1, bls. 28.

Leið 12.1.3 Markvisst og strangt eftirlit tryggi að skip hreinsi ekki hráefnistanka sína inni á fjörðum og auki þannig æti við strandlengjuna fyrir meindýr. Tekið verði á brotum eins og kveðið er á um í lögum og reglugerðum.

Ábyrgur: Hafnarverðir
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Strax.

Leið 12.1.4 Bæjarbúar og fyrirtæki séu vakandi gangvart meindýrum og leggi sitt að mörkum til að koma í veg fyrir að hagstæðar aðstæður skapist fyrir þau.

Ábyrgur: Bæjarbúar.
Kostnaður: Ekkert.
Tímasetning: Alltaf.

Markmið 12.2 Magn eiturefna sem notað er í garðyrkju á vegum Fjarðabyggðar verði minnkað um 50% næstu fimm árin. Jafnframt verði degið úr notkun eiturefna meðal íbúa.

Leið 12.2.1 Sveitarfélagið dragi eins og mögulegt er úr notkun plöntu- og skordýraeiturs og leiti vistvænni leiða til að halda umhverfinu snyrtilegu. Áhersla verði lögð á að koma upp „sjálfbærum“ grænu svæðum. T.d. ætti ekki að þurfa að slá og eitru í giljunum sem einkenna bæina, heldur koma þar upp villtum fallegum gróðri. Sjá líka Leið 6.1.14, bls. 16.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri.
Kostnaður: Mögulegur fjárhagslegur ávinningur.
Tímasetning: Strax verið hafist handa við að draga úr eitrun.

Leið 12.2.2 Garðeigendur í Fjarðabyggð verði uppfræddir um kosti og galla þess að nota eiturefni í garðyrkju, hvatt verði til að minnka notkun eiturefna hvers konar í garðyrkju, t.d. með fyrirlesturum o.þ.h. Sjá líka leið Leið 6.1.14, bls. 16.

Ábyrgur: Garðyrkjustjóri.
Kostnaður: <100.000 kr.
Tímasetning: Fyrsti fyrirlestur um vistvænar leiðir í garðyrkju verði haldinn í apríl 2001 og svo a.m.k. einn fyrirlestur árlega um svipuð málefni.

13 ANNÆÐ

- ⇒ Unglingavinnan verði skipulögð þannig að hún verði meira skapandi.
- ⇒ Krossarabraut fyrir mótorhjól og skellinöðrur í hæfilegri fjarlægð frá þéttbýlinu.
- ⇒ Línuskautapall og leikaðstöðu fyrir hjólaíþróttir.
- ⇒ Gókart braut.
- ⇒ Snjóþrettadót á Oddskarði.
- ⇒ Sparkvöll á Reyðarfjörð.
- ⇒ Meiri skemmtun fyrir ungt fólk.
- ⇒ Betri sundlaugaraðstöðu á Eskifirði.
- ⇒ Gera eitthvað meira fyrir unglunga, sérstaklega á sumrin.
- ⇒ Setja upp síldarævintýri í Fjarðabyggð sem höfðar til yngra fólks en síldarævintýrið á Siglufirði.
- ⇒ Setja upp myndbandasýningu á stríðsárasafninu.
- ⇒ Hafa Hafnarbrautina áfram steypa, ekki malbikaða.
- ⇒ Mála grunnskólann á Eskifirði í glaðlegum og aðlaðandi litum að utan – *ekki hægt vegna arkitektúrs!*

VIÐAUKI I – ÁBENDINGAR ÍBÚA

Kemur inn síðar, en þangað til sjá www.simnet.is/na/stadardagskra.htm

VIÐAUKI II - UMHVERFISSTEFNA Í RÍKISREKSTRI

Bæklingur sem kemur inn síðar en þangað til sjá www.simnet.is/na/stadardagskra.htm

VIÐAUKI III – UMHVERFISVÆN INNKAUP

Kemur inn síðar, en þangað til sjá [www. simnet.is/na/stadardagskra.htm](http://www.simnet.is/na/stadardagskra.htm)

VIÐAUKI IV – SAMNINGUR

SAMNINGUR

Fjarðabyggð stefnir að því að verða sjálfbært samfélag samkvæmt Staðardagskrá 21

Hér á eftir eru 20 atriði sem þú getur sinnt til að minnka hlut þinni ýmsum umhverfisvandamálum. Til að stuðla að því að markmið Fjarðabyggðar náist gerðu þá samning við sjálfan(n) þig og merktu þá við a.m.k. 10 neðangreind loforð.

Ég mun leggja mitt af mörkum til að minnka sorpmagnið með því að

- lagfæra þá hluti sem hægt er að lagfæra í stað þess að kaupa nýja
- skila því sem ég er hættur að nota í endurvinnslu eða til þeirra sem selja notaðar vörur
- flokka úrganginn minn
- jarðgera lífrænan úrgang
- fara ætíð með spilliefni (olíur, hreinsiefni, rafhlöður o.fl) í spilliefnamóttöku.

Ég mun draga úr vandamálum í fráveitunni með því að

- kaupa aðeins umhverfismerkt þvottaefni
- hella aldrei spilliefnum í niðurfallið

Ég mun hjálpa til við að spara orku með því að

- lækka innihitann um 1°C eða hafa hann stilltan á 20°C í mesta lagi
- skilja sjónvarpið og tölvuna ekki eftir á „stand-by“
- velja sparneytin rafmagnstæki þegar ég kaupi ný

Ég mun hjálpa til við að draga úr útblæstri frá umferð með því að

- nota reiðhjól eða almenningssamgöngur þegar það er hægt
- forðast að aka bíl skemmri vegalengdir en 2 km
- forðast að ferðast einn í bíl
- skilja bíl aldrei eftir í gangi lengur en 1 mín.

Ég mun aðstoða við að vernda fjölbreytni lífríkisins með því að

- nota ekki skordýraeitur eða illgresislyf heima hjá mér
- taka virkan þátt í að vernda náttúru- og menningarminjar

Ég mun stuðla að vaxandi eftirspurn eftir umhverfisvænni vöru með því að

- kaupa matvörur sem vottaðar eru sem lífrænar
- kaupa matvörur sem framleiddar eru í heimabyggðinni
- forðast vörur í óþarfa umbúðum á borð við frauðplastbakka
- Ég mun stuðla að því að minnst 3 einstaklingar til viðbótar undirriti þessi loforð

Ég lofa sjálfum mér og komandi kynslóðum því að halda þau loforð sem ég hef hér gefið

Nafn: _____